

## **FHU** Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa

Nefndasvið Alþingis  
B.t. félagsmálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjanesbær, 20. febrúar 2003


### **Umsögn FHU um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980.**

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa gerir athugasemd við að í frumvarpinu skuli ekki tekið tillit til þess víðferma hlutverks sem Hollustuvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, er ætlað skv. lögum nr. 52/1988. T.d. væri eðlilegt að þegar Vinnueftirlit ríkisins gefur úr eiturefnaleyfi, skv. 17. gr. frumvarpsins (51. gr. laganna), væri þeim gert að tilkynna Umhverfisstofnun um leyfisveitinguna. Að öðrum kosti er Umhverfisstofnun ómögulegt að fylgjast með umfangi notkunar einstakra efna. Slík yfirsýn er stofnuninni nauðsynleg t.d. til þess að hún geti metið hvort þörf kunní að vera á því að beita 18. gr. laga nr. 52/1988 gagnvart einstökum efnum eða efnablöndum.

Rétt er einnig að benda á að í skýringartexta við 16. og 17. grein segir m.a.: „Eftirlit með notkun hættulegra efna og efnavöru fellur undir verkswið nokkurra opinberra eftirlitsstofnana, svo sem Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar), Vinnueftirlits ríkisins og Lyfjastofnunar.“ Gæta þarf að samræmi við 7. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni sem og við nokkur ákvæði í reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni. Í áður nefndum lagagögnum er heilbrigðisfulltrúum valið nokkurt eftirlit. E.t.v. væri því rétt að hafa heilbrigðisfulltrúa eða heilbrigðisnefndir með í upptalningu skýringartextans.

Að lokum er beðist velvirðingar á því að þessi umsögn hafi ekki borist fyrr.

Virðingarfyllst.

  
Bergur Sigurðsson,  
formaður.